

## **Bæjarráð Akureyrar**

### **Bt. Guðmundur Baldvin Guðmundsson**

#### **Frá Iðnaðarsafninu á Akureyri.**

##### **Erindi. Styrkbeiðni.**

Iðnaðarsafnið á Akureyri hefur nú í 24 ár starfað og sagt dýrmæta sögu iðnaðar á Akureyri sem spannar rúm 100 ár. Það var frumkvöðullinn Jón Arþórsson sem byrjaði að safna munum frá Sambandsverksmiðjunum á Gleráreyrum um árið 1992 og sú vinna er þar var verður ekki metin til fjár og seint fullþökkuð.

Á Iðnaðarsafninu má sjá og rekja sögu mikils iðnaðar á Akureyri og af mörgu er að taka því iðnaðarbærinn Akureyri stóð í miklum blóma lengi vel alla síðustu öld og þegar safnið er skoðað má sjá að Akureyri var svo gott sem sjálfbjarga með alla hluti og kallast því vel á við aukna áherslu á sjálfbærni í nútímanum.

Á starfstíma sínum hefur iðnaðarsafnið notið mikils velvilja bæjarstjórnar Akureyrar, sem ber að þakka, en einnig hafa ýmis félög, fyrirtæki og stofnanir hjálpað til við reksturinn. Í nýrri safnastefnu Akureyrar er Iðnaðarsafnsins getið og er það mikil viðurkenning á tilurð safnsins og munum við halda áfram að koma þessari safnastefnu í framkvæmd m.a með samvinnu við Minjasafnið og jafnvel á síðari stigum samruna þessarra merku safna sem svo sannarlega eru Akureyrarbæ dýrmæt stoð í varðveislu sögu bæjarins.

Starfsfólk Iðnaðarsafnsins hefur undanfarin ár meðfram öðrum störfum hafið það mikilvæga verkefni að taka viðtöl við aldraða einstaklinga sem hafa frá sögu að segja sem tengist iðnaði á Akureyri. Fólk, bæði menn og konur, sem hafa lifað þá miklu byltingu sem orðið hefur þegar horft er aftur í tímann og saga iðnaðar og annarrar atvinnustarfsemi á Akureyri er skoðuð. Frásagnir þessa fólks er mikilvægur hluti iðnaðarsögunnar sem ber að varðveita en vegna.

Þessi viðtöl eru gríðarlega dýrmætar heimildir fyrir safnið sem og sögu iðnaðar á Akureyri. Ekki vinnur tíminn með okkur því enginn er eilífur og því er þetta verkefni unnið í kappi við tímann. Þessar öldruðu kempur sem svo sannarlega vörðuðu veginn hér í bæ eru margar hverjar orðnar heilsutæpar og má sem dæmi nefna að við missum einn af viðtalslistanum okkar nýverið án þess að við næðum að taka við hann viðtal.

Á viðtalslistanum í dag eru rúmlega 30 aldraðir einstaklingar sem stefnan er að taka viðtöl við á næstu vikum og mánuðum og á hverjum degi bætast við ný nöfn því hver og einn getur bendir á fleira heimildarfólk. Hvert viðtal er um það bil 45-60 mínútur en eftirvinnsla og úrvinnsla getur skipt klukkustunum fyrir hvert viðtal. Með þessu móti söfnum við frásögnum sem nýtast munu sagnfræðingum, nemum, fjölmiðlafólki og fjölda annarra sem sækja þurfa í munnlegar heimildir auk þess sem frásagnirnar nýtast Iðnaðarsafninu til að auka

fjölbreytileika miðlunar.

Eins og kom fram hér að ofan hefur starfsfólk Iðnaðarsafnsins unnið að þessu verkefni meðfram öðrum störfum en árið 2021 var enginn launaður starfsmaður á safninu og því lítið unnist í verkefninu þar til safnið réð til sín starfsmann, nú í upphafi árs, með það að megin markmiði að sinna þessu verkefni en flest önnur dagleg verkefni eru á höndum sjálfboðaliða.

Starfsmaðurinn var ráðinn í gegnum Virk og hefur virkilega tekið þetta verkefni þeim föstu tókum sem nauðsynlegt var og það er því til mikils að vinna fyrir söfnun þessara heimilda að ná að halda í þennan starfskraft. Til þess að það sé gerlegt út árið þarf fjárframlag frá Akureyrarbæ upp á 5.000.000kr. en um er að ræða 86% stöðu. Þetta gerir safninu kleyft að halda opnun á virkum dögum með stuðningi Hollvína safnsins sem og að halda utan um sumarstarfsfólk sem er ungt fólk sem ráðið er inn í gegnum Akureyrarbæ.

Iðnaðarsafnið á Akureyri óskar því að ofansögðu eftir styrk að upphæð kr 5.0000.000 – fimm milljónir króna til að halda úti einum starfsmanni til áramóta.

**Akureyri 4 maí. 2022.**

**F.h. Iðnaðarsafnsins á Akureyri.**

---

**Þorsteinn E Arnórsson Safnstjóri.**